

## Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna 24. – 25. mars 2022

32. Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna telur að meginviðfangsefni komandi kjarasamninga verði að viðhalda þeim kaupmætti sem náðist í Lífskjarasamningnum. Blikur eru á lofti vegna stríðsátaka í Evrópu og eftirkasta Covid faraldursins sem munu hafa áhrif á efnahag landsins og vinnumarkað í náinni framtíð. Við munum leggja fram sanngjarnar kröfur fyrir hönd okkar félagsfólks þannig að það fái eðlilegan og réttlátan skerf af kökunni. Stjórnvöld og fyrirtækin verða á móti að leggja sitt af mörkum við að vinda ofan af þeirri óheillaþróun að verðbólga éti upp áunninn kaupmátt.

Í komandi samningum munum við áfram berjast fyrir því að auka lífsgæði okkar með áframhaldandi styttingu vinnuvikunnar enda um mikilvæga kjarabót að ræða. Þá hefur heimsfaraldurinn sýnt okkur hversu brýnt það er að tryggja réttarstöðu starfsfólks í fjarvinnu og setja skýran ramma um þá vinnutilhögun.

Staða stjórnvalda í komandi kjarasamningaviðræðum í haust er þó ekki trúverðug þar sem þau stóðu ekki við loforð sín í tengslum við Lífskjarasamninginn. Við krefjumst þess að stjórnvöld standi við gefin loforð sem var ein grundvallarforsenda þess að launafólk samþykkti samninginn.

Verslunarmenn munu fara fram í viðræðum við atvinnurekendur sem ein heild enda er mikill kraftur og samheldni í grasrótinni í hreyfingunni um þessar mundir. Verslunarmenn telja mikilvægt að launafólk á Íslandi sé samstíga í komandi kjarasamningaviðræðum.